

# **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Bitrugerðis og Hraukbæjar í Eyjafirði**



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Apríl 2017

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                             | 2  |
| <i>Lög um menningarminjar</i> .....         | 2  |
| <i>Aðferð við skráningu</i> .....           | 4  |
| Skráningarsvæðið .....                      | 5  |
| <i>SKIPULAGSSVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI</i> ..... | 5  |
| Sögulegar heimildir: .....                  | 6  |
| Skráning fornleifa 30/3 2017.....           | 7  |
| Niðurstöður.....                            | 15 |
| Samantekt á niðurstöðum .....               | 15 |
| Heimildaskrá. ....                          | 16 |
| <i>Heimildamaður:</i> .....                 | 16 |
| Fylgiskjöl.....                             | 17 |

Forsíðumynd Herminjar Ey:286 001 í skráningunni.

# Inngangur

Bitrugerði/ Hraukbær

Fornleifaskráning í landi Bitrugerðis og Hraukbæjar í Hörgársveit fór fram 13/3 og 30/3 2017 að beiðni Vigfúsar Björnssonar byggingarfulltrúa Hörgársveitar vegna deiliskipulags á afmörkuðu svæði á fyrrnefndum jörðum.

Katrín Gunnarsdóttir fornleifræðingur MA sá um skráningu og uppmælingu á vettvangi, ásamt minjaverði Norðausturlands, en Katrín sá um skýrslugerð og myndatöku.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

## **Lög um menningarminjar.**

Í 1. grein minjalaga segir svo:.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfrandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda.

Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er

henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55.gr. <sup>1</sup>, <sup>2</sup>

### ***Aðferð við skráningu***

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið, skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri. Skráðar minjar eru í landi Bitrugerðis hafa auðkennið 286 samkvæmt jarðatali Johnsens 1847. Fyrsta fornleif í Ey-286 verður þá Ey-286:001 og bætast síðan við hlaupandi númer í aftari töluna eftir þörfum. Þar sem fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu eru númerinn úr þeirri skýrslu látin fylgja í sviga, þar sem hægt er að staðsetja viðkomandi fornleif við þessa nýju skráningu.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu, svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Minjar voru staðsettar á vettvangi með GPS tæki Trimbel Juno St.

Staðsetning minja er gefin upp í ísnetshnitum ISN 93.5.

---

<sup>1</sup> Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1 Lög nr. 80 29. júní 2012.2

<sup>2</sup> Lög nr. 80 29. júní 2012.

## Skráningarsvæðið

Deiliskipulagið sem er í landi Bitrugerðis og Hraukbæjar í Hörgársveit er unnið af Teiknistofu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Arkitektar faí, að beiðni Hörgársveitar.

### Lónsbakki Hörgársveit skipulagslýsing:

#### **SKIPULAGSSVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI**

Áformað er að vinna deiliskipulag þéttbýlisins á Lónsbakka í Hörgársveit. Um er að ræða um 30 hektara (ha) svæði við bæjarmörk Akureyrar, að mestu vestan þjóðvegjar. Meginhluti þéttbýlisins á Lónsbakka byggðist upp í samræmi við deiliskipulag frá 1985 (Skógarhlíð). Byggðin var stækkuð með skipulagi nýrrar húsabyrpingar 2003 (Birkihlíð). Auk íbúðarbyggðar er leikskóli á svæðinu og nokkur atvinnufyrirtæki, þar á meðal kjötvinnsla, gistiheimili auk verslunar með búvörur og tæknibúnað (Þórs-húsið). Austan þjóðvegjar er stórverslun Húsasmiðjunnar og Blómavals.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið að gert verði deiliskipulag fyrir þéttbýlið eins og það er afmarkað í aðalskipulagi. Þar er bæði um að ræða eignarland sveitarfélagsins og land í einkaeigu.

Svæðið er ekki fullbyggt og hefur aðeins verið deiliskipulagt að hluta til. Meginviðfangsefni verkefnisins er tenging íbúðabyggðar, leikskóla og fyrirtækja við hringveginn á öruggan en greiðan hátt. Þá þarf að endurskilgreina nokkrar lóðir og laga að seinni tíma breytingum. Jafnframt verður innra umferðarkerfi skipulagt ásamt umhverfismótun og skipulagi opinna svæða og stíganets. Byggingarreitir verða afmarkaðir og teknar ákvarðanir um byggingarskilmála s.s. um nýtingu, hæðir og húsgerðir. Gert verður ráð fyrir tengingu við gatnakerfi Akureyrar vestan þjóðvegjar.

Lýsing skipulagsverkefnisins er gerð í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en þar er kveðið á um að við upphaf skipulagsvinnu skuli taka saman og leggja fram lýsingu á verkefninu þar sem skýrt er frá helstu forsendum, áherslum og skipulagsferli.<sup>3</sup>

Við þessa fornleifaskráningu er skráð afmarkað svæði úr landi Bitrugerðis og Hraukbæjar í Hörgársveit, og samkvæmt boði Minjastofnunar Íslands ber að skrá allt svæðið sem er deiliskipulagt. Innan svæðisins er gerð grein fyrir minjunum og farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

---

<sup>3</sup> Lónsbakki, Hörgársveit Deiliskipulags lýsing nóvember 2012. bls. 3.

## Sögulegar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi 1998. Þar var m.a. skráð land Bitrugerðis og Hraukbæjar.

Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I  
Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir  
Fornleifastofnun Íslands  
FS070-98041 Reykjavík 1998  
Ey-286 Bitrugerði bls. 90. Ey-286-001-008

### **Ey-286 Bitrugerði skráning 1998.**

Bitrugerði er hjáleiga frá Bitru. Byggð á fyrri hluta 19. aldar. Þá er Lón, Lónsá og hluti af landi Berghóls er úr landi Bitrugerðis.<sup>4</sup>

1847 Jarðatal Johnsens bls. 298. Bitrugerði hefur jarðanúmer 286 (Ey-286) Hjáleiga-, dýrleiki-0, landskuld-0, kúgildi-0. Ábúandi-1, leiguliði.<sup>5</sup>

Túnakort 1917: 2,3 teigar. 1/3 slétt.<sup>6</sup>

1990: Tún ofan Blómsturvallavegar eru ræktað mólendi en neðan vegar er framræst mýrlendi. : BE II 1990, bls. 620.<sup>7</sup>

Að sögn heimildarmanns 2017, var braggabyggðinni, sem voru breskir hermannabraggar og reistir voru í landi Bitrugerðis, rutt niður um 1975.<sup>8</sup>

Einn minjastaður sem var skáður 1998, og er hann á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði:

**Ey-286:004** herminjar 65°41.980N 18°09.331V

Neðst í landi Bitrugerðis var herskálakampur á stríðsárunum og sjást sumir grunnarnir enn.” Enn sjást smávegis leifar af herminjum, steypur grunnur og rusl ásamt grunnum af 3-4 bröggum. Um 2 metra N af landamerkjum Bitrugerðis í móa fast við tún. Sigurjón segir braggana hafa verið mjög marga, allt upp í 50 þegar mest varð, en hann er sjálfur búin að slétta mikið af þeim. Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: BE II 1990, bls. 620.

Heimildamaður: Sigurjón Þór Benediktsson fæddur í Bitrugerði 27.8.1936.

---

<sup>4</sup> Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir Fornleifastofnun Íslands 1998 Bitrugerði. bls. 90.

<sup>5</sup> Johnsen Jarðatal 1847 bls. 298

<sup>6</sup> Túnakort 1917.

<sup>7</sup> BE II 1990. bls. 620.

<sup>8</sup> Erik Jensen 2017.

## Skráning fornleifa 30/3 2017.



Mynd . Horft vesturs yfir braggastæðið.

- Bitrugerði:** Ey- 286:001 Herminjar. Sama og Ey 286:004 skráð 1998.
- Hlutverk:** Braggi, félagsheimili, bíó, fjárhús
- Tegund:** Grunnur af braggabyggingu.
- Hættumat:** Engin hætta.
- Ísnet:** 538754,10 - 578310.24
- Staðhættir:** Grunnurinn er um 2 m frá girðingu sem skilur að veginn milli Lóns og lands Bitrugerðis, en grunnurinn er á móts við byggingar sláturhúss Lóns, sem er sunnan við veginn.
- Lýsing:** Stærð grunnsins er um 9 x 9 m, og að auki má sjá hleðslur norðan við sem mynda tvö minni hólf út frá hliðum grunnsins sem er fjæar veginum þau eru um 2 x 2 m að stærð. Það geta verið hleðslur frá þeim tíma sem braginn var notaður sem fjárhús, á vesturhlið grunnsins standa enn hleðslusteinar uppi. Þessar hleðslur gætu verið frá fjárbúskapnum sem var þarna fram undir 1975. En örðum hliðum grunnsins hefur verið rutt niður þó að en megi sjá umfang hans.
- Aðrar upplýsingar.** Að sögn heimildarmanns var braginn notaður sem fjárhús fram til 1975, en þá var bragganum rutt út, og eftir það var fjárbúskap hætt.





Mynd 2. Horft yfir braggagrunninn til norðurs.

**Birtugerði:** Ey 286:002

**Hlutverk:** Herbraggi.

**Tegund:** Grunnur

**Hættumat:** Engin hætta

**Ísnet:** 538672,68 – 578399,09

**Staðhættir:** Grunnurinn er rétt vestan við miðju túnsins. Um 150 m frá húsum Birkihlíð 3 og 5 í vestur, og um 100 m frá húsunum Skógarhlíð 15 og 17 í suður.

**Lýsing:** Grunnurinn er vel sýnilegur í landinu. Hann er um 12 (a-v) x 6 (s-n) m að stærð, og er opinn til suðurs, en við norðurenda hans er hálfhringlaga hólf sem er um 3 m á lengd. Hliðar grunnsins eru grasivaxnar og renna ytri brúnir að mestu saman við landið í kring. Hleðsluhæð grunnsins er er um 0.30 m og eru veggir grasivaxnir, en þeir er um 0.25-0.30 á breidd.

Gólfíð í grunninum hefur verið steyppt, en er nú grasvívaxið að mestu þótt sjásist í steypuna inn á milli.

**Aðrar upplýsingar:** Frá þessum grunni eru um 3 m að grunni 003 í austur og um 8 m að grunni 004, einnig í austur. Liggja grunnur 003 og grunnur 004 nokkuð samhliða grunni 002.



Mynd 3. Horft yfir braggagrunninn til norðurs.

**Birtugerði:** Ey 286:003  
**Hlutverk:** Herbraggi  
**Tegund:** Grunnur  
**Hættumat:** Engin hætta

**Ísnet:** 538680,33 - 578409,62

**Staðhættir:** Grunnurinn er rétt vestan við miðju túnsins. Um 150 m frá húsum Birkihlið 3 og 5 í vestur, og um 100 m frá húsunum Skógarhlið 15 og 17 í suður.

**Lýsing:** Grunnurinn rennur að mestu saman við grasivaxið landið bæði innan hans og utan. Stærð hans er um 8 m (a-v) x 5 m (s-n). Við suðurenda hans er smá úrtak sem er um 2 m sem stýttir vesturhlið hans, og suðurhliðin er þá 3,5 m löng. Norðurhlið grunnsins er mjög óljós, en þó merkjanleg.

**Aðrar upplýsingar:** Frá þessum grunni 003 eru um 3 m að grunni 002 í vestur og um 8 m að grunni 004, einnig í vestur. Liggja grunnur 003 og grunnur 004 nokkuð samhliða grunni 001.



Mynd 4. Horft til norðurs yfir grunninn

**Birtugerði:** Ey 286:004  
**Hlutverk:** Herbraggi  
**Tegund:** Grunnur  
**Hættumat:** Engin hætta

**Ísnet:** 538688,52 – 578399,32  
**Staðhættir:** Grunnurinn er rétt vestan við miðju túnsins. Um 150 m frá húsum Birkihlið 3 og 5 í vestur, og um 100 m frá húsunum Skógarhlið 15 og 17 í suður.

**Lýsing:** Grunnurinn sem er mjög grasivaxinn rennur að mestu saman við landið í kring, stærðin um 7 (a-v) x 6 (s-n), Inngangur er á suðurhlið en mörkin á norðurhlið nokkuð óljós.

**Aðrar upplýsingar:** Frá þessum grunni 004 eru um 4 m að grunni 003 í norður og um 8 m að grunni 002 í vestur. Liggja grunnur 003 og grunnur 004 nokkuð samhliða grunni 001.





*Mynd 5. Horft yfir hleðsluvegginn til norðurs. Langhliðin til vinstri, og skammhlið fyrir miðri mynd.*

**Birtugerði:** Ey 286:005  
**Hlutverk:** Herbraggi  
**Tegund:** Hleðsluveggur  
**Hættumat:** Engin hætta

**Ísnet:** 538721,02 – 578346,60

**Staðhættir:** Hleðsluveggurinn er um 80 m í norður frá athafnasvæði Lóns í suður.

**Lýsing:** L -laga veggjahleðsla sem liggur um 3 m í n-v og um 2 m í s-a í grasivöxnu landinu.



Mynd 6. Horft til vesturs yfir hleðsluna.

**Birtugerði:** Ey 286:006  
**Hlutverk:** Herbraggi  
**Tegund:** Hleðsla  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Isnet:** 538727,48 - 578341,69  
**Staðhættir:** Hleðsluveggurinn er um 80 m í norður frá athafnasvæði Lóns í suður.

**Lýsing:** Í grasivöxnu landinu í hólfi sem er um 5x5 m að stærð og um 0.25 á hæð. Við vesturhlið hólsins eru þrír hleðslusteinar sem liggja í röð í landinu og einn stærri fyrir framan þessa þrjá. Steinarinir eru um 0.40 x 0.50 m, og eru mjög grasivaxnir.



*Mynd 7. Horft til suðvesturs yfir grópina.*

**Birtugerði:** Ey 286:007  
**Hlutverk:** Herbraggi  
**Tegund:** Gróp eftir bragga  
**Hættumat:** Engin hætta

**Ísnet:** 538734,52 - 578335.65

**Staðhættir:** Grópin er um 70 m í norður frá athafnasvæði Lóns í suður.

**Lýsing:** Grópin liggur í grasivöxnu landinu. Hún er um 7 (s-v) x 5 (n-v) m að stærð og veggjahæð á langhliðum er sýnileg og er um 0.30 m.



Mynd 8. Horft til vesturs yfir grópina.

|                    |                                                                                                                                                                                           |
|--------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Birtugerði:</b> | <b>Ey 286:008</b>                                                                                                                                                                         |
| <b>Hlutverk:</b>   | Herbraggi                                                                                                                                                                                 |
| <b>Tegund:</b>     | Gróp                                                                                                                                                                                      |
| <b>Hættumat:</b>   | Engin hætta.                                                                                                                                                                              |
| <b>Ísnet:</b>      | 538739,87 – 578332,27                                                                                                                                                                     |
| <b>Staðhættir:</b> | Grópin er um 70 m. Í norður frá athafnasvæði Lóns í suður.                                                                                                                                |
| <b>Lýsing:</b>     | Í grasivöxnu landinu er grópin sem er einnig mjög grasivaxin, stærðin er um 6 x 6 m og má sjá smá óreglulega steinaröð um 2 m langa við vesturhlið hennar. Hæðin á grópinni er um 0.40 m. |



## Niðurstöður

Engar beinar heimildir eru um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu. En samkvæmt fornleifaskráningunni frá 1998 er einn minjastaður skráður á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði, en það er Ey-286:004 sem eru herminjar. Við vettvangsathugina fyrir þessa skráningu 2017 voru skráðar 7 herminjar til viðbótar við þessa einu skráningu herminja frá 1998. En allar herminjarnar á deiliskipulagssvæðinu voru mældar upp, myndaðar og tekin Ísnet hnit.

## Samantekt á niðurstöðum

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði var vettvangsskoðað 13/3 og 30/3 2017. Við þá yfirferð kom ekkert í ljós sem benti til að fornleifar væru þar sem ekki verið skráðar við fornleifaskráninguna 1998 með undantekningu frá einni skráningu herminja, og nú við vettvangssoðunina voru skráðar 7 herminjar til viðbótar.

Herminjar hafa ekki náð 100 ára aldri og eru því ekki eiginlegar fornleifar, en þær eru að öllu jöfnu skráðar og staðsettar eins og hægt er, því annars hverfur vittenskjan um tilvist þeirra og saga þessa tímabils verður rýrari.

Að sögn heimildarmanns má reikna með að undir sverði geti leynst sitthvað sem herinn hefur grafið í jörðu, og þarf e.t.v. að hafa það í huga við jarðrask á svæðinu sem braggabyggðin hefur staðið.

Braggabyggðin er afmörkuð á loftmynd deiliskipulagssvæðisins sem heimildarmaður taldi vera nálægt stærð svæðisins þar sem braggarnir stóðu. Þar má einnig sjá staðsetningu þeirra herminja sem skráðar voru við þessa skráningu 2017.

Eins og kom fram í skráningunni 1998 taldi heimildarmaður þeirrar skráningar að þarna hefðu staðið um 50 braggar.

### ***Samkvæmt lögum um menningarminjar segir:***

#### ***”Áður ókunnar fornminjar.***

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar



muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”<sup>9</sup>

### **Heimildaskrá.**

Byggðir Eyjafjarðar II 1990. bls. 620.

Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

Lónsbakki, Hörgársveit Deiliskipulags lýsing nóvember 2012. bls. 3.

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir Fornleifastofnun Íslands 1998

Fornleifaskráning- Bitrugerði. bls. 90.

Johnsen Jarðatal 1847 bls. 298

Túnakort 1917.

### **Heimildamaður:**

Erik Jensen framkvæmdastjóri, Lóni í Hörgársveit (2017).

-----

---

<sup>9</sup> Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

## Fylgiskjöl



Fylgiskjal 1. Loftmynd af fornminjum/herminjum.





Fylgiskjal 2. Loftmynd af deiliskipulagsvæðinu.